

Lánasjóður landbúnaðarins

**Árshlutareikningur
janúar - júní 2005**

Lánasjóður landbúnaðarins
Austurvegi 10
800 Selfoss

Kt. 491079-0299

Efnisyfirlit

Áritun stjórnenda	3	Efnahagsreikningur	6
Áritun endurskoðenda	4	Yfirlit um sjóðstreymi	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9

ah/bb

Áritun stjórnenda

Um sjóðinn gilda lög nr. 68/1997 en þar kemur fram að hlutverk sjóðsins er að tryggja landbúnaðinum aðgang að lánsfé til fjárfestinga á hagstæðum kjörum og stuðla þannig að æskilegri þróun atvinnuvegarins. Þann 10. maí 2005 voru samþykkt á Alþingi lög sem heimila Landbúnaðarráðherra að selja allar eignir og semja um yfirtöku skulda Lánasjóðs landbúnaðarins og falla lög um sjóðinn niður þann 31. desember 2005. Ákveðið hefur verið að útlánasafn sjóðsins og verðbréfaeign verði seld og mun kaupandi taka yfir lántöku sjóðsins. Söluferlið stendur nú yfir en endanlegt söluverð liggur ekki fyrir.

Árshlutareikningur Lánasjóðs Landbúnaðarins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður þrátt fyrir að tekin hafi verið ákvörðun um að sjóðurinn hætti starfsemi og útlán hans seld, en ein af megin forsendum reikningsskila er að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða. Stjórn sjóðsins telur ekki viðeigandi að hún færi eignir til áætlaðs gangvirðis þar sem gefa þarf sér ýmsar forsendur við slíkt mat en þær forsendur kunna að vera allt aðrar en væntanlegir kaupendur gefa sér varðandi rekstur á útlánasafni sjóðsins. Slík framsetning á eignum sjóðsins myndi heldur ekki gefa kröfuhöfum gleggri mynd af þeirra stöðu þar sem endanlegt verð fyrir eignir sjóðsins hefur engin áhrif á greiðslu skuldanna þar sem þær njóta ríkisábyrgðar og munu gera það áfram hver svo sem tekur við eignum og skuldum sjóðsins.

Á tímabilinu janúar til júní var hagnaður af rekstri sjóðsins að fjárhæð 122 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sjóðsins samkvæmt efnahagsreikningi nam 3.469 millj. kr. í lok tímabilsins. Eiginfjárlutfall sjóðsins sem reiknað er út samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 23,1% en má lægst vera 8,0%.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lánasjóðs landbúnaðarins staðfesta hér með árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2005 með undirritun sinni.

Selfossi, 17. ágúst 2005.

Stjórn:

Hjálmar Árnason

Þórólfur Sveinsson

Hjálmar Jónsson

Einar Már Sigurðarson

Eggert Pálsson

Framkvæmdastjóri:

Guðmundur Stefánsson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og framkvæmdastjóra Lánasjóðs landbúnaðarins.

Við höfum endurskoðað árshlutareikning Lánasjóðs landbúnaðarins fyrir tímabilið janúar til júní 2005 í umboði Ríkisendurskoðunar. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 – 15. Árshlutareikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Að undanskyldum þeim takmörkunum sem getið er um hér á eftir var endurskoðunin framkvæmd í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að árshlutareikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í árshlutareikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem árshlutareikningurinn byggist á og á framsetningu hans í heild.

Eins og fram kemur í skýrslu stjórnar hefur verið ákveðið að hætta rekstri sjóðsins og selja eignir hans. Árshlutareikningurinn er þó gerður eftir hefðbundnum reikningsskilaaðferðum eins og um áframhaldandi rekstur sé að ræða og væri að okkar mati óviðeigandi að setja reikningsskilin fram með öðrum hætti. Á þessu stigi liggur ekki fyrir hvert endanlegt söluverð mun verða en þar hafa meðal annars áhrif þættir eins og eftirstöðvatími útlána og lántöku, vaxtakjör, ávöxtunarkrafa kaupanda og fleiri þættir sem háðir eru mati kaupanda. Vegna þeirrar óvissu sem er um gangvirði eignanna látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Reykjavík, 17. ágúst 2005.

Sigríður Helga Sveinsdóttir

KPMG Endurskoðun hf.

Rekstrarreikningur janúar til júní 2005

	Skýr.	2005 1.1.-30.6.	2004 1.1.-30.6.
Vaxtatekjur:			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir		116.197	73.539
Vaxtatekjur af útlánum		604.523	799.257
	3	720.720	872.796
Vaxtagjöld:			
Vaxtagjöld af lántöku		643.302	829.776
		77.418	43.020
Tekjur af búnaðargjaldi	4	67.500	68.312
		144.918	111.332
Aðrar rekstrartekjur:			
Þjónustutekjur	5	5.874	6.254
Gengishagnaður (-tap)	2	2.562	1.964
		8.436	8.218
		153.354	119.550
Önnur rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld		25.407	24.637
Annar rekstrarkostnaður		16.558	18.120
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna		678	1.162
		42.643	43.919
Framlag í afskriftareikning útlána	13	10.899	(4.604)
		121.610	71.027
Eignarskattur		0	(9.702)
Hagnaður tímabilsins	14	121.610	61.325

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	30.6.2005	31.12.2004
Sjóður og kröfur á lánastofnanir:			
Sjóður		27	15
Kröfur á lánastofnanir		2.608.518	2.908.466
	10	<u>2.608.545</u>	<u>2.908.481</u>
Útlán:			
	6-8,		
	12,13		
Skuldabréf		14.446.094	15.661.869
Fullnustueignir		41.318	32.053
		<u>14.487.412</u>	<u>15.693.921</u>
Aðrar eignir:			
Rekstrarfjármunir		36.813	37.491
Ýmsar eignir		7.782	16.223
		<u>44.595</u>	<u>53.714</u>
	Eignir samtals	<u>17.140.552</u>	<u>18.656.117</u>

Yfirlit um sjóðstreymi janúar til júní 2005

	Skýr.	2005 1.1.-30.6.	2004 1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi	14	121.610	61.325
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		678	1.162
Framlag í afskriftareikning útlána	13	(10.899)	4.604
Verðbætur af útlánum og teknum lánum		(20.959)	(39.644)
Gengismunur af útlánum	2	(2.562)	(1.964)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Aðrar skuldir		(30.117)	(9.901)
Handbært fé frá rekstri		57.751	15.582
Fjárfestingarhreyfingar:			
Útlán, breyting		1.432.532	108.699
Ýmsar eignir, breyting		8.441	4.605
Fjárfestingarhreyfingar		1.440.973	113.304
Fjármögnunarhreyfingar:			
Lántaka, breyting		(1.798.660)	(119.187)
Fjármögnunarhreyfingar		(1.798.660)	(119.187)
Breyting á handbæru fé		(299.936)	9.699
Handbært fé í ársbyrjun		2.908.481	1.652.051
Handbært fé í lok tímabilsins	10	2.608.545	1.661.750

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Erlendir gjaldmiðlar

2. Eignir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í júnílok 2005.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld

3. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir og útlánnum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir og lántöku. Hafi útlán verið meira en þrjá mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim.

Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

Tekjur af búnaðargjaldi

4. Lánasjóður landbúnaðarins fær tekjur af búnaðargjaldi sem innheimt er af búvöruframleiðendum í samræmi við lög nr. 84/1997. Tekjum af búnaðargjaldi er ætlað að mæta neikvæðum mun á vöxtum sjóðsins. Tekjurnar eru færðar í rekstrarreikning við greiðslu.

Þjónustutekjur

5. Sjóðurinn veitir viðskiptamönnum sínum ýmsa þjónustu og hefur af því tekjur. Undir þjónustutekjur falla tekjur af umsýslu fyrir Lífeyrissjóð bændu og aðrar þjónustutekjur. Þjónustutekjur er færðar í rekstrarreikning sjóðsins þegar þær verða til.

Útlán

6. Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í júnílok 2005. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í júlí 2005 og gengistryggð lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í lok tímabilsins.
7. Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfseminni, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Sjóðurinn hefur lagt í þennan reikning árlega með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða sérstakt framlag vegna skuldbindinga stærri lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu eru vextir vegna þeirra ekki tekjufærðir. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánnum í efnahagsreikningi.
8. Sjóðurinn hefur innleyst fasteignir vegna fullnustu krafna. Fullnustueignir eru færðar á áætluðu markaðsverði eða kostnaðarverði, eftir því hvort er lægra, í árshlutareikning sjóðsins.

Skýringar, frh.:

Rekstrarfjármunir

9. Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteign.....	33 ár
Innréttingar, áhöld og tæki	5 ár

Handbært fé

10. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og kröfur á lánastofnanir, sem eru allar gjaldkræfar.

Vaxtatekjur

11. Vaxtatekjur umfram vaxtagjöld Lánasjóðs landbúnaðarins nema 77,4 millj. kr. og voru vextir af útlánnum sjóðsins að meðaltali um 5,0% á tímabilinu janúar til júní 2005, en vextir af lántökum um 5,8% á sama tímabili, umfram verðtryggingu. Til þess að mæta þessum neikvæða mun á vöxtum fær Lánasjóður landbúnaðarins tekjur af búnaðargjaldi sem innheimt er af búvöruframleiðendum í samræmi við lög nr. 84/1997.

Útlán

12. Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána í lok tímabilsins greinist þannig:

	30.6.2005	31.12.2004
Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir	789.768	830.396
Sérstakur afskriftareikningur	(300.000)	(332.500)
Afskriftalán að frádregnum sérstökum afskriftareikningi	489.768	497.896
Önnur vaxtalaus útlán	1.237.514	1.430.042
Óvaxtaberandi útlán samtals	<u>1.727.282</u>	<u>1.927.938</u>

13. Afskriftareikningur útlána er dreginn frá útlánnum í efnahagsreikningi. Breytingin á reikningnum greinist þannig:

	Afskriftareikningur		30.6.2005	31.12.2004
	Sérstakur	Almennur	Samtals	Samtals
Afskriftareikningur útlána í ársbyrjun	335.000	310.000	645.000	650.500
Framlag í afskriftareikning á tímabilinu	13.101	(24.000)	(10.899)	108.345
Endanlega töpuð útlán	(36.001)		(36.001)	(85.845)
Afskriftareikningur útlána í lok tímabilsins	<u>312.100</u>	<u>286.000</u>	<u>598.100</u>	<u>673.000</u>
Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánnum	2,1%	1,9%	4,0%	4,0%

Skýringar, frh.:

Eigið fé

14. Yfirlit um eigið fé:

Eigið fé 1.1.2005	3.347.168
Hagnaður tímabilsins	<u>121.610</u>
Eigið fé 30.06.2005	<u>3.468.778</u>

15. Eigið fé í lok tímabilsins nemur 3.469 millj. kr. eða 20,2% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall sjóðsins, sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 23,1%. Samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

	Bókfærð staða	Vegin staða	
		30.6.2005	31.12.2004
Áhættugrunnur:			
Bókfærðar eignir	17.140.552	<u>15.045.934</u>	<u>16.313.108</u>
Eigið fé:			
Bókfært eigið fé		<u>3.468.778</u>	<u>3.347.168</u>
Eiginfjárlutfall		23,1%	20,5%